

GJALDSKRÁ

og reglur fyrir símaþjónustu.

I. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

A. Stofngjald.

1.1. Fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð	kr. 8 500.00
1.2. Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli)	— 2 100.00
1.3. Fyrir venjulega aukabjöllu	— 700.00
1.4. Fyrir aukatengil	— 1 000.00

Stofngjald fyrir aukatalfæri í öðrum húsum og fyrir einkasímstöðvar verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti. Svo er og um önnur tæki og aðrar gerðir símaþúnaðar en að framan greinir með hliðsjón af línulengd og kostnaði.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þó greiðist aukagjald þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímur liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi — að jafnaði helmingur — greiðist fyrir fram, þegar símaþöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur í samband, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Þegar handvirkum síma er breytt í sjálfvirkan síma, má krefjast aukastofngjalds, sem svarar hálfum mismun á stofngjaldi við sjálfvirkan og handvirkan síma.

Ofanskráð stofngjöld fyrir aukatalfæri og annan aukabúnað gilda aðeins, þegar sami aðili hefur búnaðinn.

Póst- og símamálastjórninni er heimilt að veita löggiltum rafverktökum sérstakt leyfi til að draga símataugar í símapípur, sem tilheyra viðkomandi íbúðum enda hafi áður verið komið á samstarfi við hlutaðeigandi rafveitur varðandi samþykki teikninga fyrir símalagnir.

Hér er aðeins um að ræða einfaldar símalagnir í íbúðarhúsum, það er uppsetningu á tenglum, sem póst- og símamálastjórnin hefur viðurkennt og tengingu þeirra, en ekki tengingu inn á húskassa.

Símnótendur ráða fjölda tengla, enda fellur stofngjald af þeim niður í þessum tilfellum.

B. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrir fram. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsiðasta ársfjórðung á undan.

Þó má þegar sérstaklega stendur á, vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1—2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Þegar væntanlegur sinnotandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númer í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

Ársfjórðungsgjaldið er:

- 1.1. Kr. 1 280.00 að viðbættum kr. 3.10 fyrir hvert teljaraskref umfram 525 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 400 skref innifalin í afnotagjaldi.
- 1.2. Fyrir verzlunar- og/eða atvinnusíma greiðist gjaldið í 1.1. hér að framan, auk kr. 400.00 á ársfjórðungi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalsamtalafjölda á línunum. Þeir, sem hafa tvö eða fleiri samfelld númer í sjálfskiptireit, en ekkert miðstöðvarborð, greiða aukagjald, sem póst- og símamálastjórnin ákveður.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar.

Utan þessara marka greiðist fjarlægðargjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda.

- 2.1. Fyrir 1 aukatalfæri í sama húsi (ekki hægt að tala á milli) kr. 175.00
- 2.2. Fyrir venjulega aukabjöllu — 50.00

- 3.1. Afnotagjald fyrir sjálfvirkar einkasímastöðvar (PABX) kr. 400.00 fyrir hvert innanhússnúmer og kr. 800.00 fyrir hvert miðstöðvarlínunúmer í einkasímastöð hjá notanda.
- 3.2. Gjald fyrir handvirkar einkasímastöðvar (CB) kr. 145.00 fyrir hvert númer og miðstöðvarlínunúmer í einkasímastöð hjá notanda.
- 3.3. Línugjald frá símamiðstöð til einkasímastöðvar eftir samtalafjölda samkvæmt ákvæðum í 1. lið.
- 3.4. Talfæragjald: kr. 325.00 fyrir hvert talfæri í sama húsi, annars bætast við línuleigur.
- 3.5. Sjálfvirkar einkasímastöðvar, sem fylgt hafa sérgjaldskrá, gera svo einnig framvegis með hliðstæðum breytingum og í hinni almennu gjaldskrá.

Afnotagjald það, sem talið er í B 1.1., 1.2., 2.1., 2.2., 3.1., 3.2., 3.3., 3.4. og 3.5 hér að framan, gildir því aðeins, að sami aðili hafi öll tækin.

C. Flutningsgjald.

1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar fyrir hvert venjulegt talfæri með línu kr. 4 250.00
(Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í).

2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukatalfæri, aukabjöllu eða tengli:
 - a. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð — 700.00
 - b. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukatalfæri — 1 400.00
3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar — 5 700.00

Sé um óvenjulega kostnaðarsaman flutning að ræða, eða flutning á öðrum lækjum, sem ekki eru nefnd hér að framan, greiðist gjald, sem er ákveðið af póst- og símamálastjórninni.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, innan svæðis sömu símstöðvar, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað, má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2.125.00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 800.00 ef 6—12 mánuðir líða á milli.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 700.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 500.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir miðstöðvarborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leiga og uppsögn.

- 1.1. Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
- 1.2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilviki af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

II. KAFLI

Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við handvirkar miðstöðvar,
sbr. þó III. kafla um notendasíma í sveitum.

A. Stofngjald.

- 1.1. Fyrir venjulegt talfæri með línu og númeri í símamiðstöð kr. 6 900.00
- 1.2. Fyrir hvert aukatalfæri í sömu íbúð — 2 100.00
- 1.3. Fyrir aukabjöllu (venjulega) — 700.00
- 1.4. Fyrir tengil (með rafvökum) — 1 100.00

B. Afnotagjald á ársfjórðungi.**1. Fyrir hvert venjulegt talfæri með línu og númeri í miðstöð.**

Afnotagjaldið er tilfært í heilum krónum.

Afgreiðslutími miðstöðvar virkum dögum	Sér lína	2—3 notendur á sömu línu	Yfir 3 notendur á sömu línu
1.1.			
2 std.	590	470	360
4 —	790	640	470
6 —	890	730	530
8 —	1 000	800	600
10 —	1 090	870	640
12 —	1 120	890	670
14 —	1 160	920	710
16 —	1 200	970	730
24 —	1 280	1 020	760

Ef afgreiðslutími stöðvar er lengdur frá því sem að framan getur, bætist við ársfjórðungsgjaldið fyrir hverja $\frac{1}{2}$ klukkustund til viðbótar sem svarar fjórðungi af mismun milli flokka fyrir sér línu, en blutfallslega lægra, ef fleiri eru á línu. Viðbótargjaldið skal þó hækka eða lækka þannig að standi á heilum tug króna.

2. Fyrir aukabúnað.

- 2.1. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í sömu íbúð kr. 325.00
 2.2. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri annars staðar í sama húsi — 460.00
 2.3. Fyrir hvert venjulegt aukatalfæri í öðru húsi verður ákveðið í hverju tilfalli með hliðsjón af línulengd og kostnaði.
 2.4. Fyrir hverja venjulega aukabjöllu í sama húsi — 50.00
 Afnotagjald það, sem talið er í 2., 3. og 4. lið hér að framan, gildir því aðeins, að sami aðili hafi öll áhöldin.

3. Almenn ákvæði.

Ofan nefnt afnotagjald fyrir talfæri með línu og númeri í miðstöð hækkar um 30% hjá hvers konar atvinnu- og verzlunarfyrtækjum og hjá einstökum atvinnurekendum og öðrum aðilum, sem að áliti stöðvarstjóra nota símann sérstaklega mikið. Þessi hækkun gildir þó ekki á stöðvum með afgreiðslutíma undir 10 klst. á virkum degi.

Afnotagjald fyrir talsíma greiðist fyrir fram einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Þegar um nýtt samband er að ræða fer hæð gjaldsins í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungi þeim, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

Þegar væntanlegur símnótandi, sem pantað hefur síma, en af einhverjum ástæðum hefur ekki vilja til þess að taka við honum, þegar stofnunin er reiðubúin að veita aðgang að línu og númeri í miðstöð, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta frngjalds.

Afnotagjald fyrir einkasímstöðvar, svo og annan símaþúnað en að framan greinir, er ákveðið af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

C. Flutningsgjöld.

- | | |
|---|--------------|
| 1.1. Milli húsa á svæði sömu miðstöðvar, fyrir hvert venjulegt talfæri með línu | kr. 3 450.00 |
| 1.2. Innanhúss, á aðaltalfæri, aukaltalfæri, aukabjöllu eða tengli. | |
| 1.2.1. Í sömu íbúð eða innan 20 m fjarlægðar á sömu hæð | — 700.00 |
| 1.2.2. Annars staðar í sama húsi á aðaltalfæri og aukaltalfæri | — 1 400.00 |
| 1.3. Frá húsi á svæði annarrar miðstöðvar | — 4 700.00 |

Ofan nefnd gjöld, sem nefnd eru undir B og C, eru lágmarksgjöld. Ef nýlagnir krefjast tiltölulega mikils kostnaðar að dómi póst- og símamálastjórnarinnar vegna tæknilegra annmarka, verða gjöldin ákveðin af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

Flutningsgjald greiðist fyrir fram áður en verkið er hafið.

Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftast en einu sinni á sama ári, og aðeins er um nýja innanhússlögn að ræða og ekki neinn óvenjulegan kostnað má lækka flutningsgjaldið (milli húsa) niður í allt að kr. 2 125.00.

D. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji einhver í hús og taki samtímis við síma af öðrum aðila, sem hættir að vera símnotandi og án breytinga á símalögn, greiðist sama gjald og fyrir flutning milli húsa, þó hvorki af tengli né aukabjöllu.

Viðtökugjald lækkar í kr. 700.00 af heimilissíma, þegar barn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt, er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 500.00.

Viðtöku- og flutningsgjald fyrir skiptiborð og önnur áhöld, sem ekki eru nefnd hér að framan, verður ákveðið af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti.

E. Leiga og uppsögn.

- 1.1. Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
- 1.2. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja not af síma e. þ. l. fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveðst gjaldið þá í hverju tilfalli af póst- og símamálastjórninni með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

III. KAFLI

Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi almennar reglur:

- 1.1. Stofngjald fyrir hvern handvirkan síma er kr. 4 800.00. Sé um sérstaklega örðugar eða kostnaðarsamar lagnir að ræða ákveðst stofngjald af póst- og símamálastjórninni í hvert skipti eða eftir samkomulagi.
- 1.2. Stofngjald fyrir sjálfvirka síma sama og í I. kafla A, en þó með 20% afslætti, ef 2—3 eru saman um línu, en 40% afslætti, ef þeir eru fleiri um línuna.

Ársfjórðungsgjald er sem hér segir:

1.2.1. Fyrir hvern handvirkan síma í sambandi við:

Afgreiðslutími miðstöðvar á virkum dögum		
2 std.	kr. 290.00
4 —	— 370.00
6 —	— 460.00
8 —	— 530.00
10 —	— 560.00
12 —	— 580.00
14 —	— 620.00
16 —	— 640.00
24 —	— 670.00

- 1.2.2. Fyrir hvern sjálfvirkan síma greiðist sama gjald og um getur í I. kafla B.
- 1.3. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.
- 1.4. Flutning á símanum, ef notandi óskar, greiði hann eftir reikningi.
- 1.5. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Allt í samráði við hlutaðeigandi oddvita.
- 1.6. Við nýlagningu annist hlutaðeigendur á sinn kostnað flutning efnis frá skips- hlið á Eimskipafélagshöfn út á línustæðið, svo og dreifingu efnisins þar.
- 1.7. Símmotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð simtækja og starfrækslu notendasíma.
- 1.8. Landssíminn hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga sínum út frá notendasímalínunum eða í framhaldi af þeim.
- 1.9. Stofngjöld greiðast fyrir fram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrir fram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október.
- Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.
- 1.10. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum eða kauptúnum eða í nágrenni þeirra og hafa síma á sérstakri línu eða fáir saman á línu; en um síma þeirra fer eftir ákvæðum I. eða II. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verzlunum o. s. frv., samkvæmt I. eða II. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun póst- og símamálastjórnarinnar eða eftir samkomulagi.

IV. KAFLI
Símtalagjald.

A. Símtalagjald innanlands

Gjöld fyrir langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirk:

- 1.1. **Dagtaxti** er frá kl. 08:00 til kl. 20:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á laugardögum.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
O	ót. tími	
A	60 sek.	3.10
B	45 —	4.15
C	30 —	6.20
1	24 —	7.75
2	12 —	15.50
3	10 —	18.60
4	8 —	23.25
5	6 —	31.00

- 1.2. **Næturtaxti** er frá kl. 20:00 til kl. 08:00 til kl. 08:00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 15:00 á laugardag til kl. 08:00 næsta mánudag.

Gjald flokkur	Skref í sek.	Verð fyrir hv. mín. kr.
A	120 sek.	1.55
B	90 —	2.10
C	60 —	3.10
1	45 —	3.90
2	24 —	7.75
3	20 —	9.30
4	15 —	11.65
5	12 —	15.50

B. Langlínusímtöl afgreidd um handvirkar símamiðstöðvar.

	Minnta gjald	Umframgjald pr. mín.
1.1. Um 0— 10 km línulengd	kr. 21.00	kr. 7.00
— 10— 25 — —	— 36.00	— 12.00
— 25—100 — —	— 48.00	— 16.00
— 100—225 — —	— 63.00	— 21.00
— 225—350 — —	— 75.00	— 25.00
Yfir 350 — —	— 93.00	— 31.00

Ofanefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfalli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðva-símtöl.

- 1.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.
 1.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.
 1.4. Kvaðning: kr. 22.00. Kvaðningsgjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

- 1.5. Afgreiðslugjald: kr. 30.00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu samtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir.
- 1.6. Boðsending: kr. 40.00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 40.00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr samtali verður eða ekki.
- 1.7. Afturköllun samtals: kr. 6.00.

C. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa

ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

D. Radió-símtöl við skip og báta.

- Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:
- 1.1. Línugjald kr. 36.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 12.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
 - 1.2. Strandargjald kr. 63.00 ef skipið er ekki meira en 150 sjómílar frá landi en annars kr. 96.00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 21.00 eða kr. 32.00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.
 - 1.3. Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur gjald fyrir slík símtöl, og getur það verið mismunandi fyrir hvert skip.

Gjöld fyrir símtöl við erlend skip fara eftir alþjóðagjaldskrá.

V. KAFLI

Símskeytagjald.

A. Gjald fyrir innanlandskeyti.

- 1.1. Venjulegt símskeyti: kr. 4.40 fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 44.00.
- 1.2. Blaðaskeyti: 90 aurar fyrir hvert orð. Minnsta gjald kr. 27.00.
- 1.3. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald kr. 88.00.
- 1.4. Veðurskeyti: Sama og venjulegt skeytagjald. Minnsta gjald einnig hið sama. Veðurskeyti hafa þó forgang fyrir öðrum skeytum.
- 1.5. Símapóstávisanir: Gjald kr. 60.00 án tillits til orðafjölda.
- 1.6. Heillaskeyti: Sama gjald og fyrir venjulegt símskeyti, en auk þess greiðist auka-gjald fyrir skrauteyðublöð kr. 25.00 eða 40.00 eftir gerð.
- 1.7. Samúðarskeyti: Ekkert gjald til landssímans. Sendanda er í sjálfsvald sett, hve mikið hann greiðir, og rennur upphæðin óskert til Landsspítalasjóðs.
- 1.8. Loftskeyti og talskeyti: Gjald fyrir loftskeyti og talskeyti um íslenskar strandarstöðvar við íslensk skip verður ákveðið í sérgjaldskrá.
- 1.9. Móttaka símskeyta í talsíma frá talsímanotanda kostar kr. 12.00 fyrir hver 100 orð eða færri.
- 1.10. Afturköllun á símskeyti kostar kr. 6.00 ef ekki er farið að senda það frá afhendingarstöðinni.
- 1.11. Sendiferðir með símskeyti: Símskeyti eru borin út endurgjaldslaust allt að einum kílómetra frá símstöð. Í bæjum og kaupúnum er útburðarsvæðið þó miðað við samfellda byggð. Ef senda þarf með skeyti út fyrir útburðarsvæðið, skal greiða 40.00 krónur fyrir hvern kílómetra. Þetta gildir um fjarlægð, er nemur allt að 10 kílómetrum og undir venjulegum kringumstæðum. Þegar vegalengdin er meiri skal greiða gjald, sem ákveðið er eftir fyrirspurn í hvert skipti.

- Dótt ekki sé greitt fyrir sendiferð með símskeyti, sem afhenda skal utan útburðarsvæðis, ber símsstöðinni að greiða fyrir því, að símskeytið komist til viðtakanda svo fljótt sem unnt er, t. d. með því að sæta tækifærisferðum eða næstu pósthferð eða láta vita af því í síma eða á einhvern annan tiltækan hátt.
- 1.12. Fyrir fram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
- 1.13. Margar nafnkveðjur (TM): Afritunargjald fyrir hverja utanáskrift fram yfir þá fyrstu, er kr. 18.00 fyrir hver 50 textaorð eða færri, en kr. 8.00 fyrir hver 50 orð eða færri þar fram yfir. Fleiri en eina nafnkveðju er aðeins hægt að nota til einnar og sömu símsstöðvar.
- 1.14. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.
- 1.15. Viðtökuskirteini símleiðis (PC): Gjald er sama og fyrir 7 orða símskeyti í innanlandsviðskiptum. Fyrir viðtökuskirteini, sem sendast á í pósti (PCP) er gjaldið sama og pósthurðargjald undir einfalt bréf.

B. Símskeytagjöld til útlanda.

ákveðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir póst- og síma-málastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Telex og fjarritvélar.

1. Stofngjald.

1.1. Venjuleg fjarritvél	kr. 34 000.00
1.2. Númer í telexstöð	— 17 000.00
1.3. Bæjarlína	— 4 000.00
1.4. Innbyggður endurgati	— 6 300.00
1.5. Innbyggður vélsendir	— 4 200.00
1.6. Fjarriti með vélsendi og vélgata	— 68 000.00
1.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 25 000.00
1.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 32 000.00
1.9. Vélsendir	— 12 000.00
1.10. Vélgata	— 25 000.00
1.11. Morsetæki (vélsendir eða vélgata)	— 20 000.00
1.12. Afriðill	— 4 000.00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.1. Venjuleg fjarritvél. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma, sé þess óskað, greiðist sérstaklega	kr. 14 000.00
2.2. Númer í telexstöð	— 7 000.00
2.3. Bæjarlína	— 2 000.00
2.4. Innbyggður endurgati	— 2 100.00
2.5. Innbyggður vélsendir	— 2 100.00
2.6. Fjarriti með vélsendi og vélgata	— 28 000.00
2.7. Endurgati, sem prentar á borðann, en án leturborðs	— 10 000.00
2.8. Endurgati, sem prentar á borðann, með leturborði	— 12 000.00

2.9. Vélsendir	—	4 600.00
2.10. Vélgatari	—	9 200.00
2.11. Morsetæki (vélsendir eða gatari)	—	10 000.00
2.12. Afriðill	—	1 800.00
2.13. Fjölsendir (2 vélsendar — 1 númerasendir)	—	14 000.00
2.14. Tengipúlt	—	2 000.00
2.15. Línuleiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.		
2.16. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3.10 fyrir hvert teljaraskref og samsvavar það kr. 7.75 á mínútu.		

3. Gjald fyrir telexritanir til útlanda

ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir póst- og símamálastjórnin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

4. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.

4.1. Milli húsa á svæði sömu símstöðva	kr.	8 400.00
4.2. Innanhúss	—	4 200.00
4.3. Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar	—	11 700.00

5. Leiga, uppsögn o. fl.

Framangreind stofngjöld og afnotagjöld eru miðuð við venjulegustu gerð blaðfjarritvéla. Í afnotagjöldunum er fólgin vátrygging tækjanna. Hverri fjarritvél fylgja við uppsetningu 4 rúllur af pappír, en upp frá því kostar notandi pappírinn.

Stofngjald og afnotagjald fyrir aðrar tegundir fjarritvéla eða aukabúnað eru ákveðin í hvert skipti.

Stofngjald greiðist fyrir fram, áður en uppsetning er hafin og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrir fram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

VII. KAFLI

Línur.

Ef unnt er að láta línur á leigu, skal stofngjaldið ákveðið í hvert skipti, en ársfjórðungsleigan á hvern km vera þessi (minnsta gjald miðað við 100 m).

1.1. Fyrir 1 línu í innanbæjarjarðsíma 0.5—0.7 mm	kr.	500.00	pr.	km
1.2. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 0.9 mm	—	690.00	—	—
1.3. Fyrir 1 línu í langlínujarðsíma 1.4—1.7 mm	—	825.00	—	—
1.4. Fyrir loftlínu, sem strengd er á stauraröð, sem fyrir er	—	825.00	—	—
1.5. Viðskiptagjald: Leiga fyrir línu milli símabúnaðar og símamiðstöðvar á öðru gjaldsvæði miðast við 40 þúsund mínútna notkun á ári, samkvæmt því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val á milli viðkomandi símamiðstöðva.				

Er hér miðað við lægsta viðmiðunargrundvöll, sem notaður er í Evrópulöndunum (C.E.P.T.).

Skemmstur leigutími skal ákveðinn með samningum í hvert skipti. Uppsagnarfræstur er 6 mánuðir, og er hann gagnkvæmur. Leiga til fjarlægra staða ákvarðast af póst- og símamálastjórninni hverju sinni.

VIII. KAFLI

Sérbúnaður.

1. Sérbúnaður við sjálfvirkar miðstöðvar.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.1. Einstök talfæri.		
1.1.1. Aukatalfæri, sido eða með snara	2 100	175
1.1.2. Vatnspétt talfæri	2 600 ¹⁾	370
1.1.3. Háttalarasími	9 600	1 280
1.1.4. 2ja línu talfæri, ATEA 822. Að auki er unnt að tengja viðbótarlínu til einkasímstöðvar	2 300 ¹⁾	575
1.1.5. 2ja línu talfæri, Siemens	2 700 ¹⁾	670
1.1.6. 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört)	1 300 ¹⁾	530
1.2. Talfærakerfi. Bjöllur reiknast samkv. aðalgjaldskrá.		
1.2.1. Rítarasímar (sekreter) ATEA 812-L, 1 lína, 2 talfæri	1 900 ¹⁾²⁾	440 ²⁾
1.2.2. Rítarasímar AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri	2 200 ¹⁾²⁾	520 ²⁾
1.2.3. Rítarasímar Siemens, 2 línur, 2 talfæri	6 000 ¹⁾²⁾	1 450 ²⁾
1.2.4. Rítarasímar DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört)	1 200 ¹⁾²⁾	350 ²⁾
1.2.5. Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri	2 000 ¹⁾²⁾	460 ²⁾
1.2.6. Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 2 talfæri	2 300 ¹⁾²⁾	575 ²⁾
1.2.7. Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri	2 900 ¹⁾²⁾	690 ²⁾
1.2.8. Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri	3 900 ¹⁾²⁾	980 ²⁾
1.2.9. Raðsímar, Reiha $\frac{1}{2}$, 1 lína, 2 til 3 talfæri	4 300 ¹⁾²⁾	1 040 ²⁾
1.2.10. Raðsímar, Reiha $\frac{1}{5}$, 1 lína, 3 til 6 talfæri	3 000 ¹⁾²⁾	725 ²⁾
1.2.11. Raðsímar, Reipos $\frac{2}{5}$, 2 línur, 3 til 6 talfæri	4 100 ¹⁾²⁾	980 ²⁾
1.2.12. Raðsímar, Reipos $\frac{3}{10}$, 2 línur, 7 til 11 talfæri	4 800 ¹⁾²⁾	1 155 ²⁾
1.2.13. Miðlunarsímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri	7 400 ¹⁾²⁾	1 790 ²⁾
1.2.14. Millisamband milli húsa, DBH 4 (magneto)	8 500	825
1.2.15. Millisamband milli svæða (Rvík) DBH 4 (magneto)		3 325
1.2.16. Millisamband á sömu lóð, DBH 4 (magneto)	4 250	575
1.2.17. Millisamband milli húsa án tengingar við einkasímstöð	8 500	2 200
1.3. Handvirkar einkasímstöðvar (CB). Uppsetn. innif.		
1.3.1. L.M.E. 1+3	14 300	580
1.3.2. L.M.E. 2+6	22 800	1 160
1.3.3. L.M.E. 3+9	33 600	1 740
1.3.4. L.M.E. 4+16	52 800	2 900
1.3.5. L.M.E. 5+30	54 000	5 075
1.3.6. L.M.E. 6+40	60 000	6 670
1.3.7. E.B. 6+30	55 200	5 220
1.3.8. Talfæri í sama húsi	2 400	325
1.3.9. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	8 500	825
1.3.10. Númer frá einkasímstöð á öðru svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið		3 325

1)2) Sjá skýringar á bls. 312.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
1.4. Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX).		
1.4.1. Stofngjald af stöð:		
a. Innkaupsverð stöðvar að frádregnum:		
kr. 4 500 fyrir hvern númerabúnað.		
kr. 9 000 fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað.		
b. Uppsetningarkostn. einkasímstöðvar skv. reikningi.		
1.4.2. Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöð		400
1.4.3. Fyrir hvern miðstöðvarlínubúnað í einkasímstöð		800
1.4.4. Talfæri í sama húsi	2 400	325
1.4.5. Númer frá einkasímstöð í öðru húsi. Venjulegt talfæri innifalið	8 500	825
1.4.6. Númer frá einkasímstöð á öðru svæði (Reykjavík). Venjulegt talfæri innifalið		3 325
1.4.7. Tryggingu gegn bruna, vatnsskaða og öðru tjóni á búnaðinum skal notandi sjá um. Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðarins fást hjá Pósti og síma hverju sinni.		
1.5. Annar búnaður.		
1.5.1. Sjálfsalar, einnar myntar. Árstekjutrygging kr. 14 000.		
1.5.2. Sjálfsalar, þja-mynta. Árstekjutrygging kr. 22 000.		
1.5.3. Símsvarar. Aukakassettur skulu seldar	7 200	1 040
1.5.4. Símsvarar stuttan tíma kr. 2 100 fyrir allt að 2 mánuðum og kr. 850 fyrir hvern byrjaðan mánuð þar fram yfir.		
1.5.5. Langlínulás	960	80
1.5.6. Aukabjalla, vatnspétt	840 ¹⁾	210
1.5.7. Aukabjalla, slagbjalla	2 000 ¹⁾	485
1.5.8. Aukahlust	720	175
1.5.9. Símbúnaður fyrir heyrnardaufa	430 ¹⁾	105
1.5.10. Aukaskífa	720	115
1.5.11. Blinker	720	115
1.5.12. Krosssnari (2ja línu snari)	720	115
1.5.13. Bjöllusnari með rafvökum	720	175
1.5.14. Dyraviti með áhaldasnertu, eldri gerð		115
1.5.15. Dyraviti með fótosellu og undirstelli	2 400 ¹⁾	575
1.5.16. Dyraviti með fótosellu og borðtæki	1 200 ¹⁾	350
1.6. Ýmislegt.		
1.6.1. Aukagjald fyrir óskráð númer kr. 200.		
1.6.2. Tengigjald, nýr sími í stað millisambands kr. 1 750.		
1.6.3. Útskipting á talfæri samkv. ósk notanda kr. 1 750.		

Skýringar.

- 1) = Uppsetning og flutningar greiddast samkv. reikningi.
2) = Verð pr. talfæri.

2. Sérbúnaður við handvirkar miðstöðvar.

2.1. Stofngjald.

2.1.1. Línugjald fyrir hverja línu til sínstöðvar, sama gjald og fyrir alm. notendasíma (sjá hina alm. gjaldskrá).	
2.1.2. Fyrir 6 númera handvirka einkasímstöð	kr. 8 500.00
Fyrir 10 númera handvirka einkasímstöð	— 13 900.00
Fyrir 15 númera handvirka einkasímstöð	— 20 900.00
Fyrir 20 númera handvirka einkasímstöð	— 27 800.00
2.1.3. Fyrir hvert talfæri (í sama húsi)	— 2 400.00
Ef leyft verður, að kerfið nái til talfæris í öðru húsi, verður gjaldið ákveðið í hvert skipti.	
Fyrir tengla, skiptara, aukabjöllur og annað, sem ekki er talið hér að framan, gildir hin alm. gjaldskrá.	
2.1.4. Viðbótarstofngjald fyrir samband við hálfsjálfvirkan tengilið ..	— 1 800.00

2.2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

2.2.1. Línugjald, sama og í hinni alm. gjaldskrá.	
2.2.2. Fyrir 6 númera handvirka einkasímstöð	— 900.00
Fyrir 10 númera handvirka einkasímstöð	— 1 500.00
Fyrir 15 númera handvirka einkasímstöð	— 2 250.00
(Og hlutfallslega fyrir stærri handv. einkasímstöðvar).	
2.2.3. Fyrir hvert talfæri í sama húsi	— 460.00
Fyrir hvert talfæri í öðru húsi (innan 100 m fjarl.)	— 785.00
2.2.4. Viðbótarafnotagjald fyrir samband við hálfsjálfvirkan tengilið ..	— 230.00

IX. KAFLI

Skrásetning símnafna.

Fyrir skrásetningu símnafna greiðist kr. 800.00 á ári. Sé sama símnafni skrásett á fleiri en 10 sínstöðvum, greiðist þó aðeins kr. 150.00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrir fram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt á Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

X. KAFLI

A. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð ókeypis í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 200.00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, þer að greiða kr. 400.00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlazzt aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald, enda hefur landssíminn einn umráðarétt símans. Breytir engu í þessu þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjaldið.

Óski símnótandi, að símanúmer hans sé ekki prentað í símaskrá og ekki gefið upp í 03, getur póst- og símamálastjórnin heimilað það, gegn 250.00 króna gjaldi, sem greiðist einu sinni.

Póst- og símamálastjórnin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutað-eigandi hafi rétt að bera.

B. Skrásetning í stafrófsskrána.

1.1. Breytt letur í skrá, hver lína	kr. 330.00
1.2. Aukanafn í skrá	— 400.00
1.3. Aukalínur í skrá, hver lína	— 200.00
1.4. Aukanafn með breyttu letri (1 lína) kr. 330.00 + 400.00	— 730.00

Aukalínur eru taldar: Ef t. d. fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins. Sé starfsmaður fyrirtækis ekki aðalsímnotandi og ekki skráður í skránni sem aukasímnotandi annars staðar en undir nafni fyrirtækisins (en ekki undir sínu nafni), skal reiknað fyrir það kr. 400.00 sem aukanafn.

C. Skrásetning í atvinnuskrána.

1.1. Ókeypisskrásetning.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verzlunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið, fær ókeypis eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til ókeypis skráningar.

1.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 200.00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 330.00. Auglýsingarlína kostar kr. 200.00.

XI. KAFLI

Radíótæki og þjónusta um radióstöðvar.

1. Eftirlitsgjöld, leyfisbréfgjöld o. fl.

Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl. eru sem hér segir á ári:

1.1. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka yfir 100 wött	kr. 800.00
1.2. Leyfisbréf, samanlögð sendiorka 100 wött og minni	— 400.00
1.3. Leyfisbréf vegna „amatör“-stöðva, ásamt upphafsskoðun	— 500.00
1.4. Leyfisbréf, önnur radiótæki en sendar	— 150.00
1.5. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis yfir 100 wött	— 2 200.00
1.6. Eftirlitsgjald árlega, orka aðalsendis 100 wött eða minni	— 1 500.00
1.7. Eftirlitsgjald árlega fyrir hvern sendi umfram einn á sama stað ..	— 200.00
1.8. Eftirlitsgjald árlega fyrir sendi í bifreið, enda sé komið með bifreiðina til eftirlitsmanns	— 600.00
1.9. Eftirlitsgjald fyrir ferðatalstöðvar, enda sé komið með þær til eftirlitsmanns	— 350.00
1.10. Innsiglisgjald (ferðakostnaður ekki innifalinn)	— 1 000.00
1.11. Lágmarksgjald fyrir enduruppsetningu sendis	— 800.00
1.12. Gjald vegna árlegrar framlengingar „amatör“-leyfis	— 200.00
1.13. Gjald vegna aukaskoðunar „amatör“-stöðvar	— 400.00

2. Sölu- og leigukjör á radiótækjum.

Fyrir þau radiótæki, sem Póstur og sími framleiðir, gilda eftirfarandi sölu- og leigukjör:

Gerð	Tæki	Stofnverð (Ný tæki) kr.	Leigukjör	
			Afgreiðslugj. kr.	Ársfj.leiga kr.
2.1	FF — 3 Talsendir/viðtæki	48 200.00	4 820.00	2 200.00
2.2	FF — 5 Talsendir/viðtæki	64 300.00	6 430.00	2 900.00
2.3	FF —10 Talsendir/viðtæki	48 200.00	4 820.00	2 200.00
2.4	FVT—20 Talsendir/viðtæki	45 600.00	4 560.00	2 100.00
2.5	FVT—30 Talsendir/viðtæki	50 900.00	5 090.00	2 300.00
2.6	FVT—40 Talsendir/viðtæki	76 400.00	7 640.00	3 500.00
2.7	FT Talsendir	71 000.00	7 100.00	3 200.00
2.8	VFT Viðtæki	40 200.00	4 020.00	1 800.00
2.9	VKT Viðtæki	25 500.00	2 550.00	1 200.00
2.10	VTS—12	45 600.00	4 560.00	2 100.00

Notuð leigutæki fást einnig keypt, og er þá veittur 6% afsláttur frá nývirði tækisins fyrir hvert ár, sem það hefur verið í notkun. Þó skal söluverð slíkra tækja ekki vera lægra en 40% af nývirði.

3. Viðskiptagjöld.

3.1 Radiósímtöl við skip og báta.

Sjá kafla IV, D hér að framan.

3.2 Loftskeyti.

3.1.2 Minnsta gjald fyrir venjuleg loftskeyti er fyrir 7 orð. Gjald fyrir hvert orð í venjulegu loftskeyti til eða frá Íslandi er samanlagt:

a) Línugjald kr. 4.40.

b) Strandargjald kr. 4.40.

c) Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur slíkt gjald.

Fyrir loftskeyti til eða frá útlöndum er gjaldið samanlagt:

a) Gjaldið milli Íslands og viðkomandi lands.

b) Strandargjald.

c) Skipsgjald, ef hlutaðeigandi skip tekur slíkt gjald.

3.2.2 Gjöld fyrir sérstök loftskeyti:

a) Blaðaloftskeyti frá íslenskum skipum til afgreiðslu innanlands:

Helmingur strandargjalds og línugjald 90 aurar. Fyrir hraðblaðaloftskeyti er gjaldið tvöfalt. Minnsta gjald er fyrir 14 orð. Blaðaloftskeyti eru aðeins leyfð frá skipi til lands.

b) Veðurskeyti frá skipum til Veðurstofu Íslands:

Helmingur gjalds fyrir venjulegt 10 orða loftskeyti.

Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukþjónustu eru í samræmi við V. kafla gjaldskrár þessarar.

Upphæðir gjalda eiga við íslensk skip.

Gjöld erlendra skipa fara eftir alþjóðagjaldskrá.

3.3 Viðskiptagjöld vegna radióstöðva í verstöðvum.

Vegna radióstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

Fyrir 1—5 báta	kr. 200.00
Fyrir 6—15 báta	— 350.00
Fyrir 16—30 báta	— 475.00
Fyrir 31 bát og fleiri	— 600.00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast venjuleg leigugjöld, samkvæmt XI. kafla 2. að auki.

3.4 Viðskiptagjöld og reglur vegna samningsbundinna viðskipta við fiskibáta.

3.4.1 Póst- og símamálastjórnin lætur fiskibátum í té alla strandarstöðvaþjónustu, sem þeir þurfa á að halda, vegna reksturs og útgerðar bátsins, gegn ákveðnu, ársfjórðungslegu viðskiptagjaldi.

3.4.2 Viðskipti þessi geta farið fram um hvaða strandarstöð Pósts og síma sem er.

3.4.3 Í þjónustu þessari eru innifalin símtöl, skeyti og skilaboð til afgreiðslu innan bæjarsímakerfis þess staðar, sem viðkomandi strandarstöð er staðsett á.

3.4.4 Afgreiðsla símtala eða skeyta um langlínukerfi Pósts og síma greiðist samkvæmt gjaldskrá þessari.

3.4.5 Póst- og símamálastjórnin ber ekki ábyrgð á lauslegum, munnlegum skilaboðum, og eru þau afgreidd á ábyrgð þess, er óskar flutnings þeirra.

3.4.6 Skilyrði þess, að útgerðarmaður eða félag geti orðið þessarar þjónustu aðnjótandi, eru:

að allir fiskibátar, sem skráðir eru innan viðkomandi lögsagnarumdæmis og búnir talstöð, greiði slíkt viðskiptagjald,

að samtök útvegsmanna í viðkomandi lögsagnarumdæmi beri ábyrgð á greiðslu viðskiptagjaldanna á tilskildum tíma, og

að ofangreind viðskipti fjalli eingöngu um atriði, er varða útgerð og rekstur viðkomandi báts, og þess stranglega gætt, að þeim ákvæðum sé fylgt.

3.4.7 Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fiskibáta skal vera sem hér segir:

a) fyrir báta minni en 100 tonn kr. 900.00

b) Fyrir báta 100 tonn og stærri — 1400.00

Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta strandarstöðva, allt að 25 símtölum og skilaboðum ársfjórðungslega fyrir báta minni en 100 tonn, og allt að 40 símtölum og skilaboðum fyrir báta 100 tonn og stærri.

Þau símtöl og skilaboð, sem umfram kynnu að verða ofangreindar magn-tölur skulu greiðast samkvæmt gjaldskrá þessari IV. kafla, D.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1 Reglur um viðskiptagjöld landfarstöðva er að finna í kafla XI, 7.3.

3.5.2 Ársfjórðungslegt viðskiptagjald fyrir þessa þjónustu skal vera kr. 900.00.

4. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem búin eru talstöðvum og eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði Pósti og síma ársfjórðungslegt gjald fyrir flutning tilkynninga þessara um stöðvar hans og fjar-skiptarásir.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	kr. 350.00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	— 500.00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	— 700.00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	— 900.00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Pósts og síma, og skal það greitt fyrir fram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæzlu vegna skipa og áhafna.

5. Almenn ákvæði.

- 5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radiótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslenzks lögsagnarumdæmis, skal senda póst- og símamálastjórninni skriflega umsókn um leyfi til þess, ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki fyrir útvarp, sem er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki, skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.
- 5.2. Póst- og símamálastjórnin sér um eftirlit með notkun sendistöðva og lætur skoða þær að jafnaði einu sinni á ári. Fyrir þetta greiðist árlegt eftirlitsgjald, samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.
- 5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal viðkomandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafizt þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þess þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn, þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radiótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega, hálf eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.
- 5.4. Þeim, sem leyfi fær fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá, sem fengið hefur skírteini hjá póst- og símamálastjórninni, er heimili honum starfrækslu slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.
- 5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum póst- og símamálastjórnarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur póst- og símamálastjórnin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá póst- og símamálastjórninni, tekið hana í sína vörzlu.
- 5.6. Eftirlitsgjald og annar kostnaður, vegna tækjaskoðunar, greiðist í síðasta lagi einum mánuði eftir framvísun reiknings.
- 5.7. Póst- og símamálastjórnin og sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á öllum sendistöðvum í farartækjum og í landi. Enn fremur á þeim viðtækjum og öðrum viðkomandi búnaði, er telst til skyldubúnaðar í skipum. Kostnað vegna uppsetningar og viðhaldskostnaðar ber leyfishafi. Reikningar vegna uppsetningar og viðgerða, skulu að jafnaði staðgreiddast, nema sérstaklega hafi verið um reikningsviðskipti samið.
- 5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið, fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiddast innan 10 daga frá framvísun reiknings.
- 5.9. Hafi áfallin gjöld, vegna radiótækja eða þjónustu, ekki verið greidd á tilsettum tíma, er póst- og símamálastjórninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð.

- Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðar-tilfalli. Enn fremur er póst- og símamálastjórninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa, að viðlagðri lokun símans.
- 5.10. Nú hefur stöð verið innsiglið vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsigliðgjald, áður en enduroppnun fer fram. Ferðakostnað, vegna innsigliunar, ber leyfishafi.
 - 5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör“-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.
 - 5.12. Gjöld fyrir leyfisbréf, eftirlit o. fl., eru samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.
 - 5.13. Leyfi til starfrækslu radióstöðva má segja upp með minnst eins mánaðar fyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til póst- og símamálastjórnarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.
 - 5.14. Öll gjöld til póst- og símamálastjórnarinnar, vegna starfrækslu radiótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.
 - 5.15. Póst- og símamálastjórnin hefur nokkurt magn radiótækja til leigu eða til sölu, samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radiótæki.

6. Radiótæki á leigu.

- 6.1. Óski einhver að taka á leigu radiótæki og öllum skilyrðum er fullnægt, leggur póst- og símamálastjórnin til tæki, af þeirri gerð, sem eru til leigu á hverjum tíma, og umsækjandi óskar eftir. Tækin eru eign póst- og símamálastjórnarinnar, leigð starfrækjanda á þeim stað eða í því farartæki, sem ákveðið er í leyfisbréfinu. Póst- og símamálastjórnin annast uppsetningu tækjanna, sem leigutaki greiðir eftir reikningi. Leigutaki skal sjá um, að rafmagn með hæfilegri orku og spennu sé fyrir hendi og leitt að tækjunum, svo og um alla trésmíðavinnu og alla aðra vinnu en rafmagnsuppsetningu tækjanna. Einnig skal leigutaki sjá um kaup á rafhlöðum, rafgeymum og hleðslubúnaði fyrir þá, kosta uppsetningu hans og lögn frá honum að rafgeymum.
- 6.2. Leigutaka ber að sjá um, að tækin séu vel með farin, þeim haldið hreinum og þurrum, svo sem frekast er kostur. Kostnað vegna viðgerða á tækjunum, en starfar af slæmri meðferð og vanhirðu þeirra, meðan þau voru í vörzlu leigutaka, ber honum að greiða, samkvæmt mati, við afhendingu eftir leigu.
- 6.3. Leigutaki ber allan viðhaldskostnað á tækjunum meðan þau eru í hans vörzlu, og skal hann greiddur samkvæmt reikningi.
- 6.4. Öll radiótæki á leigu frá póst- og símamálastjórninni skulu vera váttryggð, á kostnað leigutaka, gegn hvers konar tjóni og á póst- og símamálastjórnin beinan rétt til váttryggingafjárins, ef tækin eyðileggjast og hlutfallslega fyrir skemmdir. Póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu allra slíkra tækja, nema í varðskipum og farþega- og/eða vörflutningaskipum, stærri en 500 rúmlestir, enda skal leigutaki sjálfur annast váttryggingu tækjanna í þeim skipum. Váttryggingariðgjöld fyrir tæki, sem póst- og símamálastjórnin annast váttryggingu á, skal leigutaki greiða póst- og símamálastjórninni samtímis með leigu og er lögtaksréttur á þeim eins og á leigunni.
- 6.5. Afgreiðslugjald fyrir radiótæki, skal leigutakinn greiða áður en uppsetningu þeirra er lokið, svo og leigu og váttryggingariðgjald, til næsta gjaldþega. Leiga og váttryggingariðgjald fyrir talstöðvar greiðist í einu lagi fyrir fram fyrir hvert almanaksár, nema fyrsta árið, þá skal brot úr ársfjórðungi reiknað sem einn ársfjórðungur.

- 6.6. Minnsti leigutími er eitt ár, en ef sérstaklega stendur á, t. d. ef tækin eru ætluð til þjónustu fyrir ákveðið takmarkað verkefni, ferð eða þ. u. l., má stytta leigutímann niður í einn ársfjórðung. Ef nýr eigandi verður að farartækinu eða fyrirtækinu, er rekur stöðina og hinn nýi eigandi óskar að tækin verði þar áfram, með honum sem leigutaka, skal nýi eigandinn greiða gjöld eins og nýr leigjandi í samræmi við 5. lið.
- 6.7. Að lágmarks leigutíma liðnum, er uppsagnarfrestur 3 mánuðir og skal uppsögn vera skrifleg. Leigutaki ber ábyrgð á öllum gjöldum vegna stöðvarinnar, þar til uppsagnarfrestur er liðinn.
- 6.8. Séu ársleiga, váttryggingariðgjöld og viðskiptagjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá framvísun reiknings, getur póst- og símamálastjórnin:
- 6.8.1. Innsiglað radiótækin, þó þannig að nota megji tækin í neyð, sé um lögboðin tæki að ræða. Séu áfallin gjöld ekki greidd innan eins mánaðar frá innsíglun, getur póst- og símamálastjórnin tekið hin leigðu tæki í sína vörzlu.
- 6.8.2. Tekið tækið í sína vörzlu, án undangenginnar innsíglunar, sé um ólögboðin tæki að ræða.
- Sama gildir ef reikningar fyrir uppsetningu og viðgerðir á radióbúnaði, sem framkvæmdar eru af póst- og símamálastjórninni, eru ekki greiddir innan eins mánaðar frá framvísun reiknings.
- Fyrir enduroppnun innsíglis greiðist innsíglisgjald, og skal sú greiðsla fara fram áður en opnað er. Ferðakostnað vegna opunar innsíglis greiði leigutaki, auk innsíglisgjaldsins. Fyrir að flytja stöð á notkunarstað og endurtengja hana, greiðist raunverulegur kostnaður, þó aldrei lægri en lágmarksgjald. Heimilt er að innheimta nefnd radiótækja- og viðskiptagjöld með símaræikningum hlutaðeigandi aðila, að viðlagðri lokun símans.
- 6.9. Nú óskar einstaklingur eða fyrirtæki að leigja og starfrækja radióstöð til viðskipta við eigin skip eða báta, þá lætur póst- og símamálastjórnin, að uppfylltum öllum skilyrðum, í té tæki og sér um uppsetningu á þeim. Leigutaki greiðir uppsetningu samkvæmt kostnaðarreikningi, er hann tekur við stöðinni. Notkunargjald greiðist eftir á mánaðarlega og miðast við dagtaxta, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi og þess vegna öðruvísi ákveðið. Uppsögn leigu skal vera skrifleg og með a. m. k. þriggja mánaða fyrirvara.
- 6.10. Póst- og símamálastjórnin selur á leigu talstöðvar fyrir smábáta (trillubáta). Er þar ýmist um ársleigu eða ársfjórðungsleigu að ræða. Um uppsögn slíkrar leigu gilda sömu ákvæði og um dagleigustöðvarnar.
- 6.11. Sömu leiðis hefur póst- og símamálastjórnin til leigu litlar ferðatalstöðvar (Walkie-talkie), ætluð til viðskipta um stuttar vegalengdir. Tæki þessi eru leigð án rafhlöðu og er lágmarksleigutími ein vika. Leigutími telst frá því, að leigutaki tekur við tækinu, þar til hann skilar því til póst- og símamálastjórnarinnar. Ber að skila tækinu í því ástandi, er það var í, er leigutaki tók við því, enda ber hann kostnað af nauðsynlegum lagfæringum.
- 6.12. Póst- og símamálastjórnin getur, undir sérstökum kringumstæðum, leyft starfrækslu radióstöðva á afskekktum bæjum og þá til viðskipta við ákveðnar símastöðvar. Í slíkum tilfellum fer um gjöld samkvæmt gjaldskrá um sveitasíma.

7. Reglur um starfrækslu talstöðva, sem annast viðskipti við bifreiðar eða önnur farartæki á landi, og viðskiptagjöld landfarstöðva.

- 7.1. Stöðvar, sem Póstur og sími starfrækir.
Stöðvarnar eru til almennra viðskipta við landfarstöðvar.
- 7.2. Stöðvar, sem fyrirtæki starfrækja, samkvæmt heimild póst- og símamálastjórnarinnar.

1. gr.

Stöðvarnar eru opnar til takmarkaðra viðskipta á öldutiðnum, sem tilgreindar eru í leyfisbréfi.

2. gr.

Um talstöðvar leyfishafa mega einungis fara fram viðskipti, er beinlínis varða atvinnurekstur hans.

Sendendur og viðtakendur skeyta um stöðvar þessar eru eingöngu leyfishafi og umboðsmenn hans.

3. gr.

Skeyti og símtöl, sem ekki falla undir 2. gr. eru gjaldskyld og skulu afgreidd um stöðvar landssímans og hið almenna símakerfi.

4. gr.

Stöðvarnar skulu starfræktar af talstöðvarvörðum, er hafi skirteini gefið út af póst- og símamálastjórninni. Talstöðvarverðir undirrita þagnarheit, en auk þess eru allir þeir, er ábyrgð bera á starfrækslu talstöðva, bundnir slíku þagnarheiti, enda þótt þeir hafi ekki undirritað það.

5. gr.

Skylt er að halda sérstaka radió-dagbók um allt það, er varðar rekstur stöðvanna, svo sem innkomna og útfarna afgreiðslu.

6. gr.

Stöðvum þessum er skylt að sinna neyðarþjónustu og þjónustu vegna öryggis mannlífa, og má ekki í slíku tilfalli loka stöðvunum fyrr en neyðar- eða öryggisþjónustunni er lokið.

7. gr.

Leyfishafi ber allan kostnað og alla ábyrgð af starfrækslu stöðvanna.

7.3. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1. gr.

Leyfishafar landfarstöðva greiða landssímanum árlegt viðskiptagjald, sem ákveðið er af póst- og símamálastjórninni hverju sinni. Í viðskiptagjaldinu er innifalin þjónusta af hendi stöðva A, allt að 100 símtölum eða skilaboðum árlega, afgreiddum innan bæjarsímakerfis fjarskiptastöðvanna.

Vegna afgreiðslna út fyrir bæjarsímakerfi viðkomandi stöðva bætast við gjöld samkvæmt gjaldskrá landssímans fyrir langlínuviðskipti.

Það, sem umfram er 100 afgreiðslur innan bæjarsímakerfanna, greiðist samkvæmt gjaldskrá landssímans IV. kafla C um radió-símtöl.

2. gr.

Leyfishafi farstöðvar er ábyrgur fyrir gjöldum vegna viðskipta hennar um fjarskiptamiðstöðvar landssímans.

XII. KAFLI

Afnót landssímans til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

- 1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist $\frac{1}{5}$ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00—08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt simtalagjaldskrá (sbr. IV. kafla).

- 1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til ritsímastjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

XIII. KAFLI

A. Almennir skilmálar.

- 1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi umsókn hér að lútandi á þar til gerðu eyðublaði er fæst hjá öllum stöðvarstjórum og skal tilgreina fullt nafn, nafnúmer og heimilisfang, og skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símatækja og sambanda.
- 1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslausu að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð og ber þeim, er pantar sambandið að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáiast. Krefjast má, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.
- 1.3. Póst- og símamálastjórnin ákveður við hvaða símstöð talsímanotandi skuli tengjast og um númer hans og nánara fyrirkomulag, og getur síðar breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl og getur landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtöl er að ræða.
- 1.4. Enginn má gera eða láta gera breytingar á símasamböndum eða flytja síma- búnað úr stað. Öll slík verk verða framkvæmd eftir beiðni, en notandi greiði það gjald, sem ákveðið er. Allir nýir símar eða talsímasambönd í kaupstöðum eða kauptúnum eru eign Pósts og síma, en notendur greiði stofngjald og afnotagjald. Starfsmenn stofnunarinnar hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.
- 1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með öll símatæki og lagnir, er þeir hafa til afnota, og bera þeir ábyrgð á öllum skemmdum á tækjum, er ekki stafa af eðlilegu sliti svo og ef þau glatast. Brunatrygging venjulegs talfæris er fólgin í leigunni.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða útbúnað í samband við tæki Pósts og síma, t. d. talfærasnúður o. þ. h., enda hefur Póstur og sími að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan útbúnað burtu og láta viðkomandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.
- 1.6. Ef eitthvað verður að talfærum, ber þegar í stað að tilkynna það stöðvarstjóranum, er sér um, að gallarnir verði lagfærðir svo fljótt sem unnt er. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á því, þótt sími slitni eða verði ónothæfur um stund, nema það sé beinlínis honum að kenna eða óþarfur dráttur verði á viðgerð símans. Má þá krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.
- 1.7. Póst- og símamálastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða simtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða annarra orsaka.

- 1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímans, nema með leyfi Pósts og síma. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu og tekið tækin burtu fyrirvaralaust, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.
- 1.9. Ef sími eða annar fjarskiptabúnaður, sem hefur verið tekinn á leigu, hefur staðið ónotaður í 6 mánuði eða lengur, er póst- og símamálastjórninni heimilt að taka hann til afnota fyrir aðra, jafnvel þótt leigutaki vilji greiða áfram afnotagjald af hinum ónotaða síma eða búnaði. Gildir þetta einnig, þótt ekki hafi verið unnt að afgreiða beiðni um flutning símans á þeim tíma.
- 1.10. Póst- og símamálastjórninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka sínum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.
- 1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi póst- og símamálastjórnarinnar, getur stofnunin krafizt þess, að notandinn fallist á lagfæringar. Hóphringingar eru ekki leyfilegar.
- 1.12. Notendur mega ekki selja eða leigja afnot af sínum þeim, er þeir hafa án sérstaks leyfis frá póst- og símamálastjórninni, sem ákveður gjaldið.
- 1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða gálauslega valda skemmdum á sínum eða símatækjum og samböndum, sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

B. Greiðsluskilmálar.

- 1.1. Gjald fyrir símtöl í sambandi við langlínur greiðist eftir reikningi, og ber talsímanotandi ábyrgð á greiðslunni fyrir hvert slíkt samtal, sem fram fer frá hans talfæri, hvort sem hann hefur sjálfur beðið um símtalið eða aðrir. Gjaldið greiðist í fyrsta skipti, er þess er krafizt.
- 1.2. Sé eitthvert gjald til símans ekki greitt í síðasta lagi 10 dögum eftir gjalddaga, má slíta talsímabandinu við þá síma, er skuldunautur er skráður fyrir, en skuldunautur er samt skyldur til að greiða til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp sambandinu, og er það þá þegar fallið í gjalddaga. Skuldunautur á því aðeins rétt til að fá aftur talsímasambandið að hann greiði hið áfallna gjald innan þriggja daga eftir að sambandinu er slitið, svo og að viðbættum kr. 200.00 fyrir lokun og enduropnun. Séu símagjöld eigi greidd á réttum tíma, má taka þau lögtaki samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

C. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póstur og sími krafizt, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

D. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst 1 mánaðar fyrirvara, nema þar, sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

E. Flutningur.

Ef talsímanotandi þarf að láta flytja símatæki þau, er hann hefur til afnota, skal hann skriflega tilkynna það stöðvarstjóranum, sem því næst lætur framkvæma flutninginn svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald. Gjaldið fyrir flutninginn greiðist fyrir fram.

F. Símaskráin.

Póstur og sími leggur hverjum leigusíma til 1 eintak af hverri útgáfu símaskrárinnar. Póstur og sími ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 12. gr. laga nr. 30 frá 1941, um fjar-skipti og gengur í gildi 1. júní 1973. Þó reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af simtölum, sem fara fram 1. júní 1973 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi fyrri gjaldskrá og reglur útgefin 29. marz 1972.

Samgönguráðuneytið, 25. maí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

17. maí 1973.

Nr. 151.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa, nr. 59
3. febrúar 1966, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 30 3. febrúar 1968.**

1. gr.

6. liður 2. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Yfirlýsing um það, hvort beiðzt hafi verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni, og þá í hvaða ríki. Þegar slíks einkaleyfis hefur verið beiðzt, verður einkaleyfi á Íslandi ekki veitt fyrr en umsækjandi hefur gefið ráðuneytinu skýrslu um árangur af umsókn hans um einkaleyfi í hlutaðeigandi ríki. Hafi einkaleyfis eigi verið beiðzt í öðrum ríkjum, getur umsækjandi óskað þess, að ráðuneytið láti fara fram rannsókn á uppgötvuninni og ber umsækjanda þá að leggja fram löggilta þýðingu á umsókninni og öllum fylgiskjölum á máli þeirrar erlendu rannsóknarstofnunar, sem á hverjum tíma annast rannsóknir íslenzkra einkaleyfisumsókna fyrir ráðuneytið og senda greiðslu fyrir rannsóknarkostnaði með umsókninni, kr. 7 500.00. Ráðherra getur þó veitt efnalittlum umsækjendum eftirgjöf á þessu gjaldi, og ber að senda umsókn um það með beiðninni til ráðuneytisins, ef umsækjandi vill fara fram á eftirgjöf.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum um einkaleyfi nr. 12 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efni, nr. 30 3. febrúar 1968.

Iðnaðarráðuneytið, 17. maí 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.